

REGLUGERÐ**um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta, skulu hækka um 8.9% frá 1. júlí 1965 að telja.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að greiða umrædda hækkun bóta á þessu ári í einu lagi með desembergreiðslu bóta.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965 um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1965.

Emil Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 169.

3. september 1965.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar á Seyðisfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi bæjarráðs.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, annast bæjarráð í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra. Bæjarráð annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Bæjarstjórn skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Bæjarráð getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, í samráði við bæjarstjórn, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er bæjarráð setur þar um.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna og fylgja bæjarreikningunum ár hvert.

5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar úr götuæð í hús

hans og annast viðhald hennar á sinn kostnað. Þó sér vatnsveitan um tengingu heimæðar við götuæð og er sá kostnaður innifalinn í tengigjaldi. Skytt er húseiganda að hafa samráð við vatnsveituna um lagningu heimæðar. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í vatnsæðunum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum fyrir því vatni, sem þeir óska eftir til annarra þarfa en heimilisnota, er viðkomanda skytt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef götuæðar hafa ekki verið lagðar, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lög्न götuæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lög्नina fáist endurgreiddur annaðhvort með heinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lög्नina. Vatnsveitan hefur einkarétt og viðhaldsskyldu á götuæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti kostnað, er af lög्नinni leiddi, nema öðruvísi sé um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum.

6. gr.

Skytt er hverjum húseiganda, er heimæð hefur, að halda henni vel við og láta tafarlaust framkvæma viðgerð, ef leki kemur að henni. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í heimæðinni.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Bæjarráði, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust úr því bætt á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er bæjarráði að loka heimæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm bæjarstjórnar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem heimæðum er lokað.

9. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr., skal greiða vatnsskatt 2% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald af íbúð vera kr. 100.00.

10. gr.

Auk vatnsskatts, er um getur í 9. gr., skal greiða fyrir vatn, sem hér segir:

1. Til skipa kr. 15.00 fyrir smálestina, þó aldrei minna en kr. 75.00 til fiskiskipa og kr. 150.00 til annarra skipa. Þó skal bæjarstjórn heimilt að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Seyðisfirði.
2. Af hverri útfluttri síldartunnu kr. 1.50.
3. Af hverju síldarmáli, sem skipað er upp kr. 1.00.

4. Um mæli til annarra en skipa kr. 1.50 hver smálest. Árlegt leigugjald fyrir mæli skal vera kr. 200.00.
5. Bæjarstjórn ákveður sérstakt gjald fyrir aðra notkun en að framan er talin, svo sem bílaþvottastöðvar, sláturhús o. fl.

11. gr.

Bæjarstjórn ákveður tengigjald.

12. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%.

13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldþagi vatnsskatts húsa er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 11. gr. fellur í gjaldþaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöllum til útflutnings.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjaldþaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrir-tækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfi-vélar í samband við hana, nema með leyfi bæjarráðs.

15. gr.

Skyllt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitu kaupstaðarins, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 1000.00, nema þyngri refs-ing liggi við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveit-unni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaup-staðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 208 31. desember 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 3. september 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.